



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

NÝIR STRAUMAR

LANDHEILSA JARÐAR - GLÍMAN VIÐ LOFTSLAGSBREYTINGAR DR. RATTAN LAL HELDUR FYRIRLESTUR Í BOÐI FORSETA ÍSLANDS:

Dr. Rattan Lal, einn fremsti vísindamaður heims á sviði samspils landkosta og loftslagsbreytinga, heldur fyrirlestur í boði forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar. Það er annar fyrirlesturinn í fyrirlestraröðinni *Nýir straumar* sem forseti stofnaði til fyrr á þessu ári.

Fyrirlesturinn verður haldinn miðvikudaginn 10. maí kl. 16:00 í fundarsal Íslenskrar erfðagreiningar (Sturlugötu 8) og er aðgangur öllum opinn. Fyrirlesturinn er haldinn í samvinnu við Landgræðslu ríkisins og Landbúnaðarháskóla Íslands. Dr. Rattan Lal nefnir fyrirlesturinn „Landheilsa jarðar - glíman við loftslagsbreytingar” (Mitigating climate change by advancing land health and food security).

Í fyrirlestri sínum mun Rattan Lal fjalla um breytingar á loftslagi jarðar af mannavöldum, síhrakandi landheilsu jarðar vegna hnignunar vistkerfa og eyðingar jarðvegs og vaxandi erfiðleika við að tryggja mannkyni nægan mat. Ein af hinum sameiginlegu lausnum þessa margslungna vanda er að binda kolefnið í gróðri og jarðvegi, m.a. með landgræðslu og skógrækt, og bæta um leið frjósemi landsins og fæðuöryggi jarðarbúa.

Rattan Lal mun jafnframt setja ástand lands á Íslandi í alþjóðlegt samhengi og varpa fram spurningunni hvort Ísland geti orðið fyrirmynd annarra þjóða með því að setja sér það markmið að hér verði ekki meiri losun gróðurhúsalofttegunda en unnt er að binda með auknu landbótastarfi.

Rattan Lal er prófessor við ríkisháskólann í Ohio í Bandaríkjunum og jafnframt forstöðumaður rannsóknastofnunar við háskólann sem sérhæfir sig í rannsóknum á bindingu kolefnis. Rattan Lal mun í heimsókn sinni eiga fundi með forseta Íslands, íslenskum vísindamönnum og ýmsum hagsmunaaðilum sem láta sig miklu varða loftslagsbreytingar og landheilsu. Hann mun einnig ferðast um landið, skoða ýmis dæmi um landeyðingu og einnig þann árangur sem hér hefur náðst á sviði landgræðslu.

8. maí 2006

Nánari upplýsingar um fyrirlestur Rattan Lal og heimsókn hans til Íslands veita Andrés Arnalds fagmálastjóri Landgræðslu ríkisins (488 3000 og 892 1349, Ólafur Arnalds deildarforseti umhverfismála Landbúnaðarháskóla Íslands (433 5000, skrifstofa forseta (540 4400) og Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028)